

**Nd.**

**502. Breytingartillögur**

[12. mál]

við frv. til áfengisлага.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 12. gr. Greinin orðist þannig:  
Einu veitingahúsi í Reykjavík (Hótel Borg) skal heimilt að veita áfenga drykki, sem til landsins er heimilt að flytja, enda sé þar eigi greitt þjórfé (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né veitingahúsið launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra. Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og lögreglueftirlit á veitingastað, skulu sett í reglugerð.
2. Við 18. gr. Í stað orðanna „sem í 10., 11., 12. og 20. gr. segir“ komi sem í 10., 11. og 12. gr. segir.
3. Við 20. gr.
  - a. Orðin „og 2. málgr. þessarar greinar“ falli burt.
  - b. 2. málgr. falli burt.
4. Við 28. gr. Í stað orðanna „kennslubækur og kennslukvikmyndir, eftir því sem við á“ í 2. málgr. komi: kennslubækur og kennslukvikmyndir til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, eftir því sem við á.